

SAMÞYKKT

um meðhöndlun úrgangs í Vesturbyggð.

1. gr.

Vesturbyggð annast eða býður út meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. sorpsöfnun og sorpförgun, í sveitarfélaginu samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar og fer meðhöndlun úrgangs fram undir stjórn tæknideildar. Heilbrigðisnefnd Vestfjarða hefur eftirlit með meðferð úrgangs, sbr. ákvæði 4. mgr. 4. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs.

Vesturbyggð getur falið verktökum að annast söfnun úrgangs í Vesturbyggð.

2. gr.

Verktakar sem annast söfnun úrgangs skv. 1. gr. skulu hafa til þess starfsleyfi heilbrigðisnefndar Vestfjarða.

3. gr.

Allir íbúar Vesturbyggðar eru skyldugir að nota þær aðferðir og flát við sorpsöfnun og hreinsun sem bæjarstjórn, í samráði við heilbrigðisnefnd Vestfjarða, ákveður.

4. gr.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphreinsunarmenn og skulu húsráðendur hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim, svo unnt sé að framkvæma hreinsun. Gæta skal þess að yfirfylla ekki sorpílátin og halda þeim hreinum.

5. gr.

Vesturbyggð leggur til sorppoka, svartan undir brennanlegan úrgang og rauðgulan undir óbrennanlegan úrgang. Húseigendur skulu sjálfir leggja til grindur eða kassa utan um pokana.

6. gr.

Í sorpílátin má aðeins setja heimilísúrgang, þ.e. úrgang frá heimilum og sams konar leifar frá rekstraraðilum. Í svartan poka má einungis setja úrgang sem telst brennanlegur, þ.e. matarafanga, pappa- og plastumbúðir, fatnað o.þ.h. Í rauðgulan poka skal setja umbúðir úr járn og gleri einnig álpappír og aðra smærri hluti sem ekki eru brennanlegir. Ganga skal þannig frá úrgangi að ekki stafi af honum hætta fyrir sorphreinsunarmenn t.d. pakka inn glerbrotum og hvössum málmhlutum.

7. gr.

Bannað er að setja eftirfarandi í sorpílátin: Garðaúrgang, jarðveg, byggingarúrgang, spilliefni þ.m.t. bensín og olíur. Þeim hlutum sem ekki er leyfilegt að setja í sorpílát skal skilað á gámastöðvar Vesturbyggðar. Spilliefnum skal skila til spilliefnamóttöku.

8. gr.

Bæjarstjórn ákveður, í samráði við heilbrigðisnefnd Vestfjarða, tíðni sorphreinsunar. Er gert ráð fyrir að tíðni verði miðuð við vikulega tæmingu. Þó skal aldrei líða lengra en 14 dagar milli tæminga. Ákvörðun um tíðni getur verið bundin við hluta bæjarins eða breytileg eftir árstíma og skulu breytingar á henni kynntar íbúum með hæfilegum fyrirvara.

9. gr.

Bæjarstjórn skal innheimta gjald fyrir förgun úrgangs í samræmi við ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá er bæjarstjórn heimilt að innheimta sorp-

hirðugjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi í samræmi við 2. mgr. 11. gr. laganna. Gjaldið skal sett og innheimt samkvæmt gjaldskrá, sem sett er samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og að fenginni umsógn heilbrigðisnefndar Vestfjarða.

Heimilt er að ákveða gjaldið sem fast gjald á hverja fasteignareiningu miðað við fjölda sorphlátu eða þjónustustig. Gjöld í hverjum flokki skulu vera sem næst meðalraunkostnaði við þá þjónustu sem veitt er, en þó aldrei vera hærrí en sem nemur þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi.

Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur framangreindrar þjónustu. Bæjarstjórn skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

10. gr

Bæjarstjórn skipar aðilum, fyrirtækjum, stofnunum og öðrum aðilum sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphirðu, í gjaldflokka og tekur við álagningu, svo sem kostur er, mið af umfangi starfseminnar og gerð úrgangs. Bæjarstjórn er heimilt að endurskoða álagningu einstakra aðila ef verulegar breytingar verða á forsendum álagningarinnar. Ákvæði 6. gr. sem varða flokkun úrgangs og umgengni skulu gilda fyrir þessa aðila.

11. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna meðhöndlunar úrgangs, skal hann koma slíkri kvörtun til tæknideildar Vesturbyggðar. Telji húsráðandi sig ekki hafa fengið fullnægjandi úrlausn getur hann skotið málinu til heilbrigðisnefndar Vestfjarða.

12. gr.

Brjótí húsráðandi gegn ákvæðum þessarar samþykktar um meðferð og geymslu úrgangs skulu sorphirðumenn tilkynna það til tæknideildar Vesturbyggðar sem hlutast þá til um að úr verði bætt.

13. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

14. gr.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 3. ml. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 26. febrúar 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.